

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

*Lög um heimild til að banna innflutning ósútaðra húða og skinna*, undirskrifuð af konungi 14. febrúar 1902 (A nr. 3, bls. 8—9).

*Lög um greiðslu verkkaups*, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 4, bls. 10—11).

*Lög um viðauka við lög um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk, frá 13. janúar 1882*, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 5, bls. 12—13).

*Bráðabirgðaauglýsing um, að gefið verði út bann gegn því, að fluttar sje til Íslands ósútaðar húðir og skinn, nema söltuð sje og óhert*, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland s. d. (A nr. 6, bls. 14—15).

### Brjef ráðaneytisins fyrir Ísland til landshöfðingja um neitun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um síldarnætur.

Með brjefi, dagsettu 20. ágúst f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp um síldarnætur, er alþingi samþykkti síðastliðið sumar og borið hafði verið upp af þingmanna hálfu, og hafið þjer skotið því til mín, hvort jeg sjái mjer fært að leggja það til, að lagafrumvarp þetta öðlist allrahæsta staðfesting. Jafnframt skýrið þjer frá því, að tilgangur alþingis með banni lagafrumvarpsins gegn útflutningi síldarnóta hafi verið sá, að hindra atferli það, er átt hefir sjer stað á síðustu árum, að útlendingar, sem eptir fiskiveiðalöggjöfinni hafi eigi rjett til að reka síldveiði í landhelgi, fari í kringum þessi ákvæði á þann hátt, að þeir til málamynda afhendi nótabrúkin einhverjum manni, sem búsettur sje á Íslandi og reka svo síldveiði í hans nafni, en þegar veiðarnar eru á enda, flytji þeir nótabrúkin aptur til útlanda.

Ráðaneytið verður, að sjálfsögðu að vera þeirrar skoðunar, að æskilegt væri, að komið yrði í veg fyrir, að farið verði í kringum lögin á þennan hátt, og getur ímyndað sjer, að aðferð sú, sem alþingi vill beita, kunni að ná tilgangi sínum, þótt ráðaneytið reyndar eigi telji það ómögulegt að koma í veg fyrir hið umtalaða ólöglega atferli, einnig eptir hinum gildandi lögum, með lögsókn gegn þeim Íslendingum, sem ljá nafn sitt til kaupanna til málamynda.

Eigi telur ráðaneytið það heldur neina verulega mótbáru gegn lagafrumvarpinu, að ákvæði þess mundi leggja nokkurt band á Íslendinga sjálfa með því að banna þeim að selja síldarnætur sínar til útlanda og með því að hindra þá frá, að leigja síldarnætur frá útlöndum til afnota um stund við Ísland.

Mjög verulegan galla á frumvarpinu hefir ráðaneytið aptur á móti orðið að telja það, að frumvarpið, eins og það er orðað, ekki einungis mun hindra löglegar fiskiveiðar útlendinga við Ísland, heldur og alveg löglegar fiskiveiðar danskra þegna í landhelgi, þær er gjörðar væri út frá konungsríkinu eða frá Færeyjum. Þótt þessi mótbára gegn frumvarpinu, sem stendur, eigi hafi neina stórvægilega praktiska þýðingu, því að enn taka danskir þegnar hvorki

15. dag aprilmánaðar 1902.

Reykjavík. — Isafoldarprentsmiðja.

37  
10. febr.

**37** frá konungsríkinu nje frá Færeyjum þátt í síldarveiðum við Ísland með slíkum  
10 febr. útgjörðum um stuttan tíma, sem lagafrumvarpið vill hindra, þá hefir ráðaneytið, bæði sökum þess að breyting getur á þessu orðið síðarmeir, og samkvæmt grundvallarreglum, sem í þessu efni ber að fylgja, orðið að telja það atriði svo mikinn galla á frumvarpinu, að það engan mun gjörir á veiðarfærum fluttum til landsins af utanríkismönnum og veiðarfærum, er flutt eru til landsins af dönskum þegnum, að ráðaneytið þess vegna í allraþegnsamlegustum tillögum sínum um málið hefir lagt það til, að frumvarpið fái eigi allrahæsta staðfesting, og þessar tillögur hefir hans hátign konunginum allramildilegast þóknazt að fallast á.

Með því að ráðaneytið samt verður að játa, að bann gegn útflutningi síldarnóta, takmarkað á þann hátt, sem að sjálfsögðu vera ber, að það nái að eins til síldarnóta fluttra til landsins frá útlöndum, kynni að geta stutt að því, að koma í veg fyrir brot gegn fiskiveiðalögunum, þá hefir ráðaneytið jafnframt geymt sjer rjett til að leita, á sínum tíma, allrahæsts samþykkis, til þess að leggja slíkt lagafrumvarp fyrir alþingi.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna ásamt ádurnefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja.

Alþingi, sem nú er samansafnað, hefur eptir löglegan undirbúning samþykkt frumvarp til laga um síldarnætur, sem borið var upp af þingmanna hálfu, og leyfi jeg mjer hjer með að senda það, bæði í þeim búningi er það fjeck hjá þinginu, og í danskri þýðing.

Undir umræðunum um mál þetta var skýrt frá því, að þegar mikil síld gangi inn á firðina á Austurlandi og Norðurlandi og þetta frjettist til Noregs, þá sjeu framtaks-samir norskir atvinnurekendur vanir að senda hingað heil nótabrúk — síldarnætur og nótabáta — og nótafólk upp til fjarðarins eða fjarðanna, en með því að eigendur nótabrúkanna þá eigi geti uppfyllt skilyrði þau, er sett eru í lögum nr. 7 frá 19. júní 1888 fyrir heimild til að reka síldarveiði í landhelgi, afhenda þeir nótabrúkin fyrir ákveðið verð að nafninu til einhverjum manni, sem þar er búsettur, og rekur veiðina í hans nafni. Þegar veiðinni svo er lokið, kaupa Norðmenn aptur nótabrúkin af þeim, sem að nafninu hafa verið taldir eigendur að þeim, og senda þau aptur til Noregs. Með því að hlutaðeigandi lögreglustjórar eigi hafa sjeð sjer fært að gera neitt við þessi brot á lögunum eða færa sömmur á, að afhendingar þessar sjeu aðeins til málamynda, vill alþingi reyna að koma í veg fyrir hið umrædda atferli með því, að banna að flytja aptur frá landinu síldarnætur, er notaðar hafa verið við veiðar hjer við land.

Með þessum athugasemdum vil jeg skjóta máli þessu til hins háa ráðaneytis.

**38** Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lánstöku-  
8. marz leyfi handa Staðarprestakalli í Aðalvík. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 1. þ. m., og beiðni hlutaðeiganda vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að presturinn að